

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 59/2013**

2013/EES/61/09

frá 3. maí 2013

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 630/2012 frá 12. júlí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 að því er varðar gerðarviðurkenningarkröfur fyrir vélknúin ökutæki sem knúin eru vetni og blöndu vetnis og jarðgass, með tilliti til losunar, og að sértækum upplýsingum, varðandi ökutæki með rafafrás, verði bætt í upplýsingaskjalið fyrir EB-gerðarviðurkenningu ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45zu (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32012 R 0630**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 630/2012 frá 12. júlí 2012 (Stjtið. ESB L 182, 13.7.2012, bls. 14).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 630/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 182, 13.7.2012, bls. 14.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.